



Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir
Iceland

Garðabær, 14.2.2025

Málsnúmer: 202501-0091

LA/OKV/MHG

Efni: Vegir í náttúru Íslands, Múlaþing.

Vísað er í tölvubréf frá sveitarfélaginu Múlaþingi sem barst þann 21. janúar 2025. Þar er óskað eftir umsögn og samráði við Náttúrufræðistofnun um drög að skráningu vega í Múlaþingi. Samkvæmt ákvæði 32. gr. í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands eiga sveitarfélög að vinna tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags eða breytingar á aðalskipulagi. Við tillögugerðina á að hafa samráð við Landmælingar Íslands, nú Náttúrufræðistofnun.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir drög að tillögum og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Mjög erfitt er að rýna tillögur um skráningu vega á pdf skjali og telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að gögnin séu sett fram á kortagrunni í kortasjá, sem eykur möguleika allra á að gera sér betur grein fyrir staðháttum og þeim vegum sem um ræðir, ásamt því að meta áhrif á náttúruminjar, sérstaklega þær sem njóta verndar.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að tekið sé tillit til náttúruverndargildis svæða þegar ákvörðun er tekin um hvort að umferð vélknúinna ökutækja sé leyfð eða ekki. Í einhverjum tilfellum gæti verið ástæða til að banna akstur og þar með loka slóðum sem mögulega hafa myndast. Við mat á náttúruverndargildi svæða sem slóðar liggja um þarf að taka tillit til verndarstöðu, s.s. hvort svæðið sé friðlýst, innan B- eða C-hluta á náttúruminjaskrá, svæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um sérstaka vernd, hverfisverndarsvæði, vatnsverndarsvæði, mikilvæg búsvæði fugla o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun vill gera nokkrar athugasemdir er varða drög að skráningu vega í Múlaþingi:

- Tveir línuvegir teiknaðir á kortið um Austdal og um Dalaskarð liggja um votlendi, m.a. votlendi í töluverðri hæð á snjóþungu svæði. Óvarlegt að hafa þessa vegi á korti.
- Línuvegur um Beinageitarfjall er líklega lokaður í skarðinu.
- Torfærir vegslóðar sem eru nýttir til að þjónusta mælitæki er ekki þörf á að sýna á korti t.d. vegur af Fjarðarheiði og upp á Bjólf þ.s. vegslóði liggur um gróið land upp á heiði. Vegslóði upp á Axlir.
- Vegslóðar sem eru nýttir til landgræðslu er ekki þörf á að sýna á korti og gætu boðið upp á utanvegaakstur t.d. slóðar á Héraðsflóa og með austanverðu Lagarfljóti
- Vegur út í Brimnes mætti e.t.v. vera inn á kortinu



- Vegslóði inn Norðdal ofan Klyppstaða liggur um gróið land sem er mikið til votlendi á snjóþungu svæði. Virðist lítið notaður slóði nema þá helst til hreindýraveiða.
- Vegur út með Unaósi liggur um tún og er því einna helst notaður sem gönguleið.
- Vegslóði inn Hofsdal, norðan við Flugstaðadal var ófær innst í dalnum sumarið 2024 og er því ástand hans ofmetið. Innri hluti hans, þ.s. greinir að Hofsdal og Flugstaðadal telst torfær. Vegurinn liggur um gróið land og talverðar gróðurskemmdir eru meðfram veginum vegna utanvegaaksturs.
- Vegurinn inn Flugstaðadal, í átt að Miðfelli, liggur allur á aurum en getur orðið torfær þegar mikið vatn er í ánni.
- Skoða þarf vel alla vegslóða og hlutverk þeirra innan hálendisins

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við drög að tillögum um skráningu vega, en býðst til að veita sveitarfélaginu frekari ráðgjöf sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur